

# Persónuverndar- yfirlýsing

12. júlí 2018

## Efnisyfirlit

1.	Um persónuverndaryfirlýsinguna.....	1
2.	Upplýsingar um ábyrgðaraðila .....	1
3.	Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga.....	2
4.	Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga.....	2
5.	Geymslutími persónuupplýsinga .....	2
6.	Miðlun persónuupplýsinga.....	3
7.	Öryggi persónuupplýsinga.....	3
8.	Réttur til aðgangs að persónuupplýsingum .....	4
9.	Persónuverndarfulltrúi.....	4



# Persónuverndaryfirlýsing

## 1. Um persónuverndaryfirlýsinguna

Starfsemi Fjármálaeftirlitsins grundvallast á trausti og fagmennsku. Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að vinnsla persónuupplýsinga sé lögmæt, sanngjörn og gagnsæ í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga sem og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679.

Persónuupplýsingar eru allar upplýsingar sem auðkenna einstaklinga með beinum eða óbeinum hætti, svo sem tilvísun í auðkenni eins og nafn, kennitölu, staðsetningargögn, netauðkenni eða einn eða fleiri þætti sem einkenna hann í líkamlegu, andlegu, efnalegu, menningarlegu eða félagslegu tilliti. Til dæmis geta upplýsingar um notkun á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins innihaldið persónuupplýsingar, samanber notkun á [vafrakökum](#).

Í persónuverndaryfirlýsingu þessari er gerð grein fyrir vinnslu persónuupplýsinga hjá Fjármálaeftirlitinu. Í vinnslu felst meðal annars söfnun, skráning, flokkun, varðveisla, notkun og miðlun. Þá er einnig gerð grein fyrir tilgangi og heimild vinnslunnar, varðveislutíma, miðlun þeirra til þriðja aðila og með hvaða hætti öryggi þeirra er gætt.

Áhersla er lögð á að persónuverndaryfirlýsingin sé aðgengileg, auðskiljanleg og á skýru og einföldu máli. Persónuverndaryfirlýsingin er endurskoðuð með reglubundnum hætti og birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

## 2. Upplýsingar um ábyrgðaraðila

Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð eftirlitsstofnun sem starfar á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins er að hafa eftirlit með að fjármálastarfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur sem og að starfsemi þeirra sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.

Fjármálaeftirlitið er ábyrgðaraðili persónuupplýsinga samkvæmt reglugerð Evrópusambandsins, og íslenskum lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ábyrgðaraðili er sá aðili sem ákveður einn eða í samvinnu við aðra tilgang og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

Fjármálaeftirlitið er auk þess vinnsluaðili tveggja úrskurðarnefnda sem vistaðar eru hjá stofnuninni. Um er að ræða úrskurðarnefnd um viðskipti með fjármálafyrirtækjum og úrskurðarnefnd váttryggingamála. Vinnsluaðili er sá aðili sem vinnur með persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila.

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjármálaeftirlitsins má finna á heimasíðu stofnunarinnar [www.fme.is](http://www.fme.is)

Heimilisfang Fjármálaeftirlitsins og vistunarstaður úrskurðarnefndanna er:

Fjármálaeftirlitið  
Katrínartúni 2  
105 Reykjavík  
Ísland

### **3. Lögmæti vinnslu persónuupplýsinga**

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að persónuupplýsingar stofnunarinnar séu fengnar í tilgreindum, skýrum og lögmætum tilgangi og að þær upplýsingar séu unnar í samræmi við þann tilgang.

Fjármálaeftirlitið vinnur fyrst og fremst með ópersónugreinanlegar upplýsingar tengdum fyrirtækjum í fjármálastarfsemi. Þær persónuupplýsingar sem Fjármálaeftirlitið vinnur með varða einkum fjárhags- og öryggisupplýsingar í tengslum við viðskiptavinum, eigendum og stjórnendum fyrirtækja í fjármálastarfsemi vegna eftirlits og upplýsingar er varða starfsemi Fjármálaeftirlitsins að öðru leyti. Vinnsla persónuupplýsinga getur byggst á samþykki, samningi, lögum, almannahagsmunum eða heimild til að beita opinberu valdi. Sem dæmi má nefna er vinnsla málskota til úrskudarnefnda byggð á samþykki og samningar við verkataka byggðir á vinnslu samkvæmt samningum. Þá ber Fjármálaeftirlitinu samkvæmt lögum að vinna persónuupplýsingar, sem þátt í eftirliti með fjármálastarfsemi eftirlitsskyldra aðila, svo sem við mat á hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna eftirlitsskyldra aðila. Auk þess ber Fjármálaeftirlitinu að vinna persónuupplýsingar svo sem vegna upplýsingagjafar til opinberra aðila. Þátttaka í Fjármálastöðuleikaráði og álagning stjórnvaldssekta eru dæmi um vinnslu persónuupplýsinga í þágu almannahagsmuna og beitingu opbers valds.

### **4. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga**

Fjármálaeftirlitið leggur áherslu á að persónuupplýsingar stofnunarinnar séu nægjanlegar, viðeigandi og takmarkist við það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar hverju sinni.

Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga Fjármálaeftirlitsins er að sinna lögbundnu eftirlitshlutverki með það að markmiði að fjármálastarfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og að starfsemi þeirra sé að öðru leyti í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti. Tilgangurinn grundvallast á grundvelli laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og öðrum lögum sem gilda um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, svo sem viðskiptabanka, sparisjóða, lána- og verðbréfafyrirtæki, lífeyrissjóða, váttryggingafélaga, verðbréfasjóða, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, kauphalla, ýmist á grundvelli samþykkis, samninga, laga, almannahagsmuna eða beitingu opinbers valds. Þá er Fjármálaeftirlitinu einnig falið hlutverk samkvæmt lögum nr. 66/2014 um fjármálastöðugleikaráð sem kann að fela í sér vinnslu persónuupplýsinga og eftir atvikum öðrum lögum.

Einnig á sér stað vinnsla persónuupplýsinga hjá Fjármálaeftirlitinu, byggt á lögum sem um starfsemina stofnunarinnar gilda, svo sem lög nr. 123/2015 um opinber fjármál og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

### **5. Geymslutími persónuupplýsinga**

Fjármálaeftirlitið geymir persónuupplýsingar eins lengi og nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslu og ákvæði samninga, nema þegar lög og reglur kveða á um lengri geymslutíma.

Fjármálaeftirlitið starfar í samræmi við lög nr. 77/2017 um opinber skjalasöfn. Samkvæmt þeim lögum ber stofnuninni að varðveita gögn, þar með talin persónuupplýsingar, í 30 ár og að þeim tíma liðnum skila þeim til varðveislu hjá Þjóðskjalasafni Íslands. Rafrænum gögnum er skilað til

Þjóðskjalasafns Íslands til varðveislu á fimm ára fresti. Gögnum er einungis eytt í undantekningar tilvikum og að fengnu sérstöku samþykki frá Þjóðskjalasafni Íslands.

## 6. Miðlun persónuupplýsinga

Stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins eru bundnir ríkri þagnarskyldu samkvæmt 13 gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitið afhendir því einungis persónuupplýsingar þegar skýr lagaskylda kveður á um slíkt, til dæmis til opinberra aðila, svo sem Seðlabanka Íslands og löggæsluyfirvalda eða annarra aðila sem lögum samkvæmt hafa heimild til að móttaka tilgreindar upplýsingar, svo sem samkvæmt stjórnarsýslulögum eða upplýsingalögum. Þá getur dómari úrskurðað að Fjármálaeftirlitinu sé skylt að afhenda persónuupplýsingar fyrir dómi eða hjá lögreglu.

Fjármálaeftirlitinu er heimilt, samkvæmt 14 gr. laga nr. 87/1998, að veita eftirlitsstjórnvöldum annarra aðildarríkja EES-samningsins, stofnunum EFTA og hinum evrópsku eftirlitsstofnunum á sviði fjármálastarfsemi, sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, upplýsingar sem háðar eru þagnarskyldu skv. 13. gr. laga nr. 87/1998 sé það liður í samstarfi ríkjanna um eftirlit með starfsemi aðila á fjármálamarkaði og slík upplýsingagiöf sé gagnleg til að unnt sé að framfylgja lögmæltu eftirliti. Slíkar upplýsingar má einungis veita með því skilyrði að um þær gildi þagnarskylda í hlutaðeigandi ríki eða hjá viðkomandi stofnun. Auk þess er Fjármálaeftirlitinu heimilt að semja við eftirlitsstjórnvöld ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins um skipti á upplýsingum, en þó því aðeins að gætt sé þagnarskyldu.

Þá geta einstaklingar heimilað Fjármálaeftirlitinu að afhenda þriðja aðila persónuupplýsingar. Eftir atvikum sendir Fjármálaeftirlitið vinnsluáðilum persónuupplýsingar til frekari vinnslu. Vinnsluáðilar persónuupplýsinga Fjármálaeftirlitsins eru bundnir þagnarskyldu með sama hætti og stjórn, forstjóri og starfsmenn stofnunarinnar.

## 7. Öryggi persónuupplýsinga

Fjármálaeftirlitið ber ábyrgð á öruggri vinnslu persónuupplýsinga. Rík þagnarskylda gildir um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, samanber 13 gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sem leggur grunn að öryggi persónuupplýsinga hjá Fjármálaeftirlitinu. Samkvæmt ákvæðinu eru stjórn, forstjóri og starfsmenn Fjármálaeftirlitsins og verktakar á vegum stofnunarinnar bundnir þagnarskyldu, um allt það sem þeir komast að vegna starfa sinna og leynt á að fara um starfsemi Fjármálaeftirlitsins, viðskipti, rekstur eftirlitskyldra aðila, tengdra aðila eða annarra, nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan gildir eftir starfslok.

Með skýru verklagi leitast Fjármálaeftirlitið eftir því að tryggja örugga vinnslu persónuupplýsinga með hliðsjón af tilgangi vinnslunnar, þar með talið heilleika, trúnað og áreiðanleika, með það að markmiði að stuðla að lögmætri vinnslu og koma í veg fyrir eyðileggingu eða tjón, með viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum. Þá er sérstök aðgát höfð við skráningu, uppfærslu, varðveislu, afritun og eyðingu persónuupplýsinga, til að koma í veg fyrir að upplýsingar glatist eða berist óviðkomandi.

Fjármálaeftirlitið starfar í samræmi við ISO 27001 staðall um upplýsingaöryggi, setur sér öryggisstefnu og metur reglubundið áttættuþætti í tengslum við upplýsingaöryggi stofnunarinnar þar

með talið vinnslu persónuupplýsinga og gerir viðeigandi umbætur. Mat á áhættu sem steðjar að viðkomandi vinnslu persónuupplýsinga, mat á áhrifum á persónuvernd og viðeigandi öryggisráðstafanir, taka meðal annars til raunlægs öryggis, aðgangsstýringa, rekstraröryggis og samskiptaöryggis.

## 8. Réttur til aðgangs að persónuupplýsingum

Fjármálaeftirlitið veitir einstaklingum staðfestingu á því hvort unnar séu persónuupplýsingar um viðkomandi sé þess óskað. Reynist persónuupplýsingar til staðar hjá Fjármálaeftirlitinu er veittur aðgangur að upplýsingunum, sem og upplýsingar um tilgang vinnslunnar, geymslutíma upplýsinganna, uppruna þeirra og hvort sjálfvirk ákvörðunartaka fari fram, auk þess að leiðrétta, eyða eða takmarka vinnslu eftir atvikum. Fjármálaeftirlitið mun þó ekki afhenda afrit af persónuupplýsingum sem koma fram í vinnugögnum starfsmanna, svo sem eftirlitsskýrslum, tölvupóstum, minnisblöðum og fleira nema samkvæmt dómsúrskurði. Einstaklingar hafa rétt til að andmæla vinnslu og leggja fram kvörtun til Persónuverndar, sjá [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

Óski einstaklingar eftir aðgengi að persónuupplýsingum skal beiðni þess efnis vera skýr og afmörkuð þannig að ljóst sé hvaða upplýsinga sé óskað. Fylla skal út meðfylgjandi [eyðublað](#) og skal það afhent í móttöku Fjármálaeftirlitsins, Katrínartúni 2, eða sent Fjármálaeftirlitinu með pósti eða tölvupósti á netfangið [personuvernd@fme.is](mailto:personuvernd@fme.is) ásamt afriti af gildum skilríkjum. Framangreindar upplýsingar eru eingöngu afhentar gegn framvísun gildra persónuskilríkja í móttöku Fjármálaeftirlitsins eða sendar með ábyrgðarpósti á lögheimili viðkomandi.

## 9. Persónuverndarfulltrúi

Fjármálaeftirlitið hefur skipað persónuverndarfulltrúa sem hefur það hlutverk að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar ESB 2016/679, lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og eftir atvikum öðrum lögum er varða persónuvernd og stefnum ábyrgðaraðila og vinnsluaðila. Þá er hlutverk persónuverndarfulltrúa að veita ráðgjöf og vinna með Persónuvernd. Unnt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa með því að senda tölvupóst á netfangið [personuvernd@fme.is](mailto:personuvernd@fme.is) eða með því að senda bréf á heimilisfang Fjármálaeftirlitsins, Katrínartúni 2. Um afhendingu beiðna um aðgang að persónuupplýsingum, sjá kafla 8 um rétt til aðgangs að persónuupplýsingum.